



**32. fundur  
bæjarráðs Norðurlands  
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurlands,  
fimmtudaginn 8. desember 2011 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Jón Helgi Björnsson, Gunnlaugur Stefánsson, Þráinn Guðni Gunnarsson,  
Trausti Aðalsteinsson, Bergur Elías Ágústsson, Guðbjartur Ellert Jónsson,

**Fundargerð ritaði:** Guðbjartur Ellert Jónsson, Fjármálastjóri - staðgengill  
bæjarstjóra

**Dagskrá:**

**1. 20112020 - Air 66N, verkefni um markaðssetningu á Norðurlandi  
erlendis. Ósk um samstarf við sveitarfélagið**

Fyrir bæjarráði liggur erindi frá Arnheiði Jóhannsdóttir, verkefnastjóra,  
Markaðskrifstofu ferðamála á Norðurlandi vegna verkefnisins Air 66N.  
Óskað er eftir samstarfi aðila um verkefni Flugklasans Air 66N vegna  
millilandaflugs á Akureyrarflugvöll. Samstarfið felur í sér fjárhagsstuðning  
til niðurgreiðslu á ferþega- og landingargjöldum ásamt þróunar- og  
markaðssetningu á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll.

Flugklasinn Air 66N stefnir á að koma á reglulegu millilandaflugi um  
Akureyrarflugvöll allt árið og er markmiðið að fjölga ferðamönnum á  
Norðurlandi og lengja dvöl þeirra. Klasinn er leiðandi í að markaðssetja og  
kynna Akureyrarflugvöll sem nýjan áfangastað fyrir reglulegt  
millilandaflug.

Framtíðarsýn Flugklasans er að stöðug eftirspurn sé eftir ferðapjónustu á  
Norðurlandi allt árið. Markmið næstu þriggja ára:

- Nýr áfangastaður fyrir erlenda ferðamenn verði opnaður á Íslandi.
- Reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll.
- Fjölgun ferðamanna á Norðurlandi og lengri dvöl þeirra.
- Ný tækifæri skapist til þróunar og nýsköpunar í ferðapjónustu.
- Efling þjónustu við ferðamenn – aukið framboð, lengri opnunartími og bætt aðgengi.
- Fjölgun heilsársstarfa í ferðapjónustu.
- Bætt búsetuskilyrði og aukin lífsgæði fyrir íbúa Norðurlands, aukin bjartsýni á framtíðina.

Fyrstu skrefin felast í því að opna nýjan áfangastað til Íslands með áherslu á vetrarferðamennsku. Beint flug erlendis frá til Akureyrar veitir fyrirtækjum á Norðurlandi ný tækifæri þar sem gera má ráð fyrir verulegri



fjölgun ferðamanna á svæðið. Ferðamannatímabilið verður lengt með þessum hætti en rannsóknir hafa sýnt að meðal dvalartími á Norðurlandi fer úr 1,8 nóttum í 7,3 nætur ef lent er á Akureyri í stað Keflavíkur. Ef miðað er við niðurstöður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála má gefa sér að tekjur inn í samfélagið af einu flugi um Akureyrarflugvöll með farþega á leið í vetrarfrí séu 38 mkr en flugvöllurinn getur auðveldlega annað 5-7 meðalstórum farþegaþotum á viku.

Á næstu þremur árum er gert ráð fyrir að kostnaður við verkefnið verði um 206 mkr. en fjárhagslegur stuðningur við væntanlegan flugrekstraraðila fyrstu árin til þess að dreifa áhættunni er nauðsynlegur í verkefni sem þessu. Fundinn verður flugrekstraraðili sem er tilbúinn að skuldbinda sig í þau 3 ár sem þarf til að vinna fluginu sess. Flugrekstraraðilinn þarf að vera viljugur til að vinna að öflugum kynningarstarfi og hafa yfir að ráða góðum dreifi- og markaðsleiðum.

Kostnaður við verkefnið á áætlunartímabilinu 2011–2015:

- Um 10 mkr hafa farið til undirbúnings árið 2011 og hefur stuðningurinn fengist frá atvinnuþróunarfélögum, Nýsköpunarmiðstöð, Markaðsstofu ferðamála á Norðurlandi, Akureyrarbæ og Isavia.
- Kostnaður á næstu 4 árum er áætlaður um 206 mkr og verður leitað eftir fjármagni frá samstarfsaðilum úr ferðaþjónustu og öðrum greinum, sveitarfélögum, ríkinu og stoðkerfinu auk Norrænna styrkja til ferðamála og tengslaverkefna.
- Stærstu kostnaðarliðirnir felast í niðurgreiðslum og ábyrgð á sætiskaupum sem er áætlað um 120 mkr, ogþróunarverkefnum, markaðssetningu og markaðsstuðningi sem um 50 mkr.

□□□□□□  
Við óskum hér með eftir aðkomu sveitarfélaga að þessu verkefni með framlagi til stuðnings við markaðssetningu Norðurlands, þróun og nýsköpun í ferðaþjónustu sem miðar að því að auka nýtingu innviða á svæðinu. Óskum við eftir stuðningi sveitarfélaga sem nemur 300 kr pr íbúa á ári í 3 ár en að loknum þeim tíma er gert ráð fyrir að komið sé á reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll, flugið standi undir sér og áætlanir Air 66N hafi náð fram að ganga.

Bæjarráð fagnar áformum Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi um að koma á beinu millilandaflugi til Norðurlands. Það er von bæjarráðs að vel til takist í þeim efnum. Staðan í dag, í því erfiða efnahagsumhverfi sem sveitarfélög landsins starfa í, er sú að megin áhersla í notkun fjármuna beinist að því að standa vörð um grunnþjónustu við íbúa. Þessi forgangsroðun felur það í sér að ekki eru til fjármunir til margra áhugaverðra verkefna. Bæjarráð mun í ljósi þessa ekki taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar vegna verkefnis Air 66N að þessu sinni.

## 2. 201101071 - Fundargerðir Orkuveitu Húsavíkur ehf 2011

Fyrir bæjarráði liggja eftirfarandi tillögur frá stjórn Orkuveitu Húsavíkur ehf. sem lagðar eru fram til samþykktar.

1. Tillaga að starfsreglum stjórnar OH ohf.
2. Tillaga að stofnefnahagsreikningi OH ohf. 1. janúar 2012.



3. Tillaga að samþykktum OH ohf.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að:

1. Starfsreglur stjórnar OH ohf verði samþykktar.
2. Stofnefnahagur fyrir OH ohf verði samþykktur.
3. Samþykktir OH ohf verði samþykktar.

Fjárhagsáætlun ársins 2012 OH ohf. lögð fram.

**3. 201109023 - Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012**

Fyrir bæjarráði liggur fjárhagsáætlun ársins 2012. Til umfjöllunar eru framlög og styrkir sveitarfélagsins fyrir árið 2012. Einnig er til meðferðar beiðni um viðbótarframlag til ýmissa málaflokka í A - hluta.

Bæjarráð samþykkir framlög og styrki fyrir árið 2012 um 45 m.kr.

Bæjarráð samþykkir hlutafjárukningu til ýmissa fyrirtækja og stofna sveitarfélagsins að upphæð 50 m.kr.

Bæjarráð samþykkir auknar fjárheimildir milli umræðna til málaflokka A - hluta að upphæð 77 mkr.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá fjárhagsáætlun ársins 2012 og leggja fyrir bæjarráð fyrir síðari umræðu í bæjarstjórn.

**4. 201102096 - Landbótasjóður Landgræðslu ríkisins**

Fyrir bæjarráði liggur erindi frá garðyrkjustjóra Norðurbings til Landbótasjóðs Landgræðslu ríkisins um samstarf um landbótaáætlun fyrir Reykjaheiði fyrir árin 2012 til 2016. Sveitarfélagið hefur verið aðili að slíku samkomulagi en sá samningur er að renna út. Samkomulag aðila felur í sér samstarf um uppgræðslu norðan og austan við Húsavíkurfjall en þar eru víða berir melar, rofabörð og rifnir lyngmóar. Svæðið hefur verið friðað að hluta en annað er afgirt beitarhólf. Markmiðið er að bæta land og minnka jarðvegsrof og hefur mikið áunnist. Svæðið er beitt í 60 til 70 daga á ári og stefnt er á að nota þetta land þangað til önnur svæði í Húsavíkurlandi eru tilbúin til beitar. Unnið er að gerð nýrrar landbótaáætlunnar. Verkefnið felur í sér að dreifa um 12 tonnum af áburði á svæðið ásamt fræi. Settir eru frekar stórir skammtar, 200 kg/ha og með fræi um 300 kg/ha.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag.

**5. 201112016 - Menningarmiðstöð Þingeyinga, fjárhagsáætlun 2012 ásamt fundargerðum 2011**

Fyrir bæjarráði liggja fundargerðir Menningarmiðstöðvar Þingeyinga ásamt fjárhagsáætlun ársins 2012.

Fram kemur í fjárhagsáætlun Menningarmiðstöðvarinnar að áætlað framlag Norðurbings er um 16.730.000.- fyrir starfsárið 2012. Framlagið var um 16.800.000.- á árinu 2011.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Menningarmiðstöðvar Þingeyinga fyrir árið 2012.



**6. 201112015 - Sail Húsavík, ósk um fjárframlag**

Fyrir bæjarráði liggur skýrsla sjórnar Sail Húsavík um strandmenningarhátíðina sem haldin var í júlí s.l. á Húsavík. Með skýrslunni fylgir bráðabirgða uppgjör.

Umfang hátíðarinnar var talsvert og nokkru meira en áætlað var. Hátíðin var eins konar frumraun í samstarfi norrænu þjóðanna á sviði strandmenningar og því voru ýmsir þættir óljósir í aðdraganda hátíðarinnar.

Stjórnin er sammála um að í öllum aðalatriðum hafi tekist vel til og er þakklát öllum þeim sem gerðu mögulegt að halda hátíðina á Húsavík og lögðu sitt af mörkum til að gera hana glæsilega.

Eins og bráðabirgða uppgjórið ber með sér er halli á rekstri hátíðarinnar. Aðstandendur Sail Húsavík hafa eftir bestu getu lagt sig fram um að ná endum saman en fjárhagslegur styrkleiki þeirra er misgóður. Þess má þó geta að Norræna húsið hefur hækkað framlag sitt verulega. Þá hefur fyrirtækið Norðursigling einnig aukið framlag sitt.

Stjórn Sail Húsavík óskar eftir því við sveitarfélagið Norðurljóss að það komi enn frekar til móts við hátíðina með þátttöku í kostnaði við gæslu. Um er að ræða kostnað við löggæslu sem eru kr. 1.000.000 og kostnað við aðra gæslu vegna fyrirtækisins GSC, á móti Húsavíkurstofu, sem eru kr. 654.000.

Bæjarráð samþykkir aukaframlag að upphæð 1.000.000.- króna vegna löggæslukostnaðar.

**7. 201010093 - Mál varðandi Síldarvinnslulóðina á Raufarhöfn**

Fyrir bæjarráði liggur tillaga að samkomulagi um niðurrif fasteigna, hreinsun, frágangs og förgun úrgagns á Síldarverksmiðjulóð á Raufarhöfn.

Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki fyrirbyggjandi samkomulag.

**8. 201112009 - Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Þingeyinga ásamt fundargerð frá 16. nóv. 2011**

Fyrir bæjarráði liggur fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga ásamt fjárhagsáætlun ársins 2012. Gert er ráð fyrir í áætlun ársins 2012 að niðurstaðan verði 3.216.000.- sem er 315.000.- króna hækkun frá árinu 2011. Þar sem sjóðstaða Héraðsnefndar er jákvæð er lagt til að framlag sveitarfélaganna verði 3.000.000.- króna á árinu 2012 og hækki því aðeins um 100.000.- krónur milli árána 2011 og 2012. Framlagið skiptist eftir íbúafjölda niður á sveitarfélögin. Hlutdeild Norðurljóss verður því um 1.800.000.- fyrir árið 2012.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu stjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga.

**9. 201112007 - Frá Sveitarfélaginu Skagafjörður, ályktun vegna tillagna frá starfshópi sjávarútvegsráðherra**

Fyrir bæjarráði liggur ályktun frá sveitarfélaginu Skagafjörður vegna



tillagna frá starfshópi sjávarútvegsráðherra.

Ályktunin er svohljóðandi:

"Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar fagnar tillögum um ráðstöfun veiðileyfa gjalds frá starfshópi sjávarútvegsráðherra er fela í sér viðurkenningu á þeirri miklu tilfærslu fjármagns sem við lýði er frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins og styður þá viðleitni sem í tillögunum er að finna til að tekjurnar komi til baka, a.m.k. að hluta til. Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir að tekjur af veiðigjaldi skiptist þannig að 50% renni í ríkissjóð, 40% til sjávarbyggða og 10% til þróunar- og markaðsmála í sjávarútvegi.

Veiðigjald verði einn af lögmætum tekjustofnum sveitarfélaga.

Ekki síst er þetta mikilvægt á tímum þar sem gríðarlegur niðurskurður á sér stað víða um land, m.a. í heilbrigðis- og samgöngumálum, á sama tíma og atvinnulífið og ekki síst fyrirtæki á landsbyggðinni eru látin bera æ meiri skattbyrgði".

Ályktunin er lögð fram til kynningar.

#### **10. 201101045 - Eyping fundargerðir 2011**

Fyrir bæjarráði liggur fundargerð Eypings. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### **11. 201112021 - Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf- framlag ársins 2012**

Fyrir bæjarráði liggur erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga vegna framlaga Norðurbings til félagsins.

Árlegt framlag samkvæmt samningi fyrir árið 2012 er 4.083.823.- krónur.

Beiðni um framlag vegna vaxtasamnings er 2.369.978.- krónur fyrir árið 2012.

Beiðni um viðbótarframlag vegna sértækra hækkunar eins og fram kom í stefnumótunarvinnu félagsins er 1.184.989.- krónur fyrir árið 2012.

Bæjarráð samþykkir framlag samkvæmt samningi að upphæð 4.083.823.- krónur.

Bæjarráð óskar eftir að fá framkvæmdastjóra og stjórnarformann Atvinnuþróunarfélagsins á fund til að fara yfir stöðu félagsins.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:15**